

Nemendur Söngskólans í Reykjavík sem tóku lokapróf að þessu sinni.

Söngskólinn í Reykjavík:

Aldrei jafnmargir lokið lokaprófi

Aldrei í sögu Söngskólans í Reykjavík hafa jafnmargir nemendur tekið lokapróf og á þessu vori. 120 nemendur stunduðu fullt nám í vetur og luku fimmtán 8. stigs prófi, það er lokaprófi úr almennri deild. Þrír nemendur luku burtfararprófi (Advanced certificate) og þrír nemendur luku söngkennaraprófum. Prófdómari að þessu sinni var Desmond Sergeant frá Associated Board of the Royal Schools of Music.

Tónleikar þeirra sem luku prófum standa nú yfir og voru fyrstu tónleikarnir síðastliðið fimmtudagskvöld. Alls eru þetta sex tónleikar og eru þeir haldnir í Íslensku óperunni og verða þeir síðustu á miðvikudagskvöld.

Þeir þrír nemendur sem luku burtfaraprófi, Alda Ingibergsdóttir, Ágústa Sigrún Ágústdóttir og Harpa Harðardóttir, eru ekki með tónleika nú. Alda hélt sína tónleika í mars en Ágústa og Harpa hyggja á tónleika í haust.

Myndlist á listahátíð


Í tilefni listahátíðar í Reykjavík verða um næstu helgi opnaðar merkissýningar í flestum sýningarsölum Reykjavíkurborgar. Fjórar sýningar eru af erlendum uppruna en íslenskir myndlistarmenn leggja einnig sitt af mörkum. Erlendu sýningarnar eru af ólíkum toga og fjölbreyttar.

Á Kjarvalsstöðum er nú verið að koma fyrir verkum eftir Joan Míró sem er vafalítið einn frumlegasti og þekktasti myndlistarmaður tuttugustu aldarinnar. Hann fæddist á Spáni 1893. Þar hlaut hann hefðbundna myndlistarmenntun. Hann fluttist ungur til Parísar þar sem hann kynntist súrrealistunum snemma á þriðja áratugnum. Míró var hugmyndalega nátengdur þeim hópi listamanna, þó svo að hann hafi snemma farið sínar eigin leiðir – leiddur áfram af óvenju frjóu hugmyndaflugi. Míró lést 1983.

Sýningin á Kjarvalsstöðum inniheldur málverk, teikningar og skúlptúra frá seinni árum listamannsins, það er eftir 1960, og kemur sýningin frá listasafninu Maeght í Suður-Frakklandi. Þá má geta þess að Kjarvalsverk verða einnig til sýnis á Kjarvalsstöðum. Er um að ræða verk úr einkasafni Eyrúnar Guðmundsdóttur og Jóns Þorsteinssonar. Kjarvalsstaðir munu einnig í samstarfi við Kringluna efna til yfirlitssýningar á verkum eftir yngstu kynslóð íslenskra myndhöggvara þar sem listamönnum er úthlutað ákveðnu rými í verslunarmiðstöðinni til að glíma við.



Mósaíkverkin á sýningunni 2000 ára litadýrð í Listasafni Íslands eru mjög gömul, þau elstu frá 6.–8. öld eftir Krist.



Verkin eftir hinn fræga myndlistarmann, Joan Míró, eru komin í hús á Kjarvalsstöðum og er unnið að uppsetningu þeirra. DV-myndir GVA

Mósaík og búningar

Í Listasafni Íslands er ekki síður merkileg sýning sem kemur frá Jórdaníu og Palestínu, nefnist hún Mósaík – búningar og skart. Þessi merkilega sýning er í tveimur hlutum, annars vegar eru sýnd mósaíkverk, er lánuð hafa verið af þjóðminjasafni Jórdaníu, en hins vegar búningar og skart sem koma úr hinu merka einkasafni frú Widad Kawar í Amman. Verkin á mósaíksýningunni eru mjög gömul. Elsti hlutinn er verk sem fundust í Jórdaníu við fornleifauppgröft í byggingum frá býsönskum tíma, bæði trúarlegum og veraldlegum, á fjallinu Nebo. Verk þessi eru talin vera frá 6.–8. öld eftir Krist.

Frú Widad Kawar sem lánað hefur búningana og skartið byrjaði að safna búningum og skarti kvenna þegar á sjötta áratugnum en þá sýndu fáir áhuga á þessari hefð sem hefur gengið kynslóð fram af kynslóð. Þó að búningarnir, sem hér verða sýndir, séu ekki eldri en frá 19. öld sýna þeir vel hefðina sem gekk kynslóð fram af kynslóð. Búningarnir eru ekki sýndir sem þjóðháttafræðileg fyrirbæri heldur sem listaverk.

Listasafn Íslands hefur einnig í samvinnu við Listahátíð og Gallerí 11 boðið heimsþekktum frönskum listamanni, Daniel Buren, að vinna útilistaverk við Gallerí 11 og Listasafnið. Verkið nefnist Staðsetning, framsetning, tilfærsla – staðbundið verk. Buren, sem kom fram á sjónarsvið á hinum róttæku tímum í kringum 1968, hefur ávallt unnið þannig að þungamiðja verksins er samhengið milli umhverfisins og verksins sjálfs. Buren hefur unnið verk sín í samvinnu við listasöfn víða um heim og er einn eftirsóttasti listamaður Frakka í dag.


Fjórða sýningin af erlendum uppruna er sýning sænska listamannsins Björn Brusewitz í Listasafni ASÍ. Björn er einn þekktasti myndlistarmaður Svía og hefur haldið fjölda einkasýninga úti um allan heim. Á sýningu hans hér verða teikningar unnar á síðustu árum og hefur sýningunni verið lýst sem þroskasögu ungs manns í myndum og vakið mikla athygli.

Hjörleifur og Kristján

Framlag Félags íslenskra myndlistarmanna til listahátíðar verður yfirlitssýning á verkum Hjörleifs Sigurðssonar og verður sýningin bæði í Norræna húsinu og FÍM-salnum. Hjörleifur er einn af frumherjum íslensks módernisma í myndlist og tók þátt í þeim sýningum í upphafi sjötta áratugarins er mörkuðu tímamót í myndlistarsögu Íslands. Elstu verkin á sýningunni eru frá 1949 og þau nýjustu frá þessu ári.

Í Listasafni Sigurjóns verður opnuð sýning á æskuverkum Sigurjóns Ólafssonar. Eru flestar teikningarnar gjöf til safnisins og hafa aldrei verið sýndar áður. Annars býður Listasafn Sigurjóns upp á fjölbreytta dagskrá flesta daga meðan listahátíð stendur yfir.

Í Ásmundarsal verður sýning sem hefur yfirskriftina Arkitektinn sem hönnuður. Er það Arkitektafélag Íslands sem stendur að þessari sýningu og fjallar hún um hönnun í starfi arkitekta. Tilgangur sýningarinnar er að varpa ljósi á sköpunarverk íslenskra arkitekta á þessu sviði. Sýnd verða húsgögn og lampar auk annarra nytjahluta er spanna yfir alla sögu íslenskra arkitekta frá Rögnvaldi Ólafssyni og Guðjóni Samúelssyni til vorra daga.



Nýleg verk eftir Kristján Davíðsson verða sýnd í Nýhöfn, auk þess sem bók um hann kemur út

Síðast en ekki síst bera að geta sýningar á verkum Kristjáns Davíðssonar í Nýhöfn. Er um að ræða tæplega tuttugu ný málverk eftir einn virtasta listamann þjóðarinnar. Sýningin er öðrum þræði haldin til að heiðra listamanninn á 75 ára afmæli hans. Í tilefni sýningarinnar munu Nýhöfn og bókaútgáfan Mál og menning gefa út vandaða bók um listamanninn með ritgerð um hann, litmyndum ag nýjustu verkum hans og svo úrvali verka frá 35 ára tímabili.

Eins og sjá má af þessari upptalningu verður mikil gróska í myndlist í borginni meðan á listahátíð stendur og óhætt að segja að hver sýning sé mikill viðburður og fjölbreytnin slík að allir ættu að finna eitthvað fyrir sinn smekk. -HK

HARRIS®
LOGSUÐUTÆKI
MARGAR GERÐIR

argon- og propangasmælar
súr- og gasmælar,
tvöfaldar slöngur,
kveikjur,
logsuðugleraugu,
einstreymislokar,
logsuðutæki í settum,
súr- og gaskútar.
Varahlutaþjónusta.
ÁRVÍK HF.
ÁRMÚLI 1 - PÓSTHÓLF 8000 - 128 REYKJAVÍK - SÍMI 687222 - TELEX 3012 - TELEFAX 687295